

STAÐA MÁLS

Málnr.:	22-010F022
Dags:	3. febrúar 2022
Staður:	Ölfusvatnsvík í Þingvallarvatni
Lýsing:	Hafnaði í Þingvallarvatni
Staða máls:	Febrúar 2022: Skýrsludrög tilbúin fyrir nefndina

Flugvél TF-ABB tók á loft frá Reykjavíkurlugvelli (BIRK) klukkan 10:38 þann 3. febrúar 2022 með flugmann og þrjá farþega innanborðs.

Flugvélinni var flogið frá Reykjavík, yfir Hellsheiði og Ölfusárósa, meðfram suðurströndinni að Þjórsárósum og svo til norðvesturs yfir Grímsnes. Því næst var flugvélinni flogið vestan Úlfjótsvatns og stefnan tekin á Ölfusvatnsvík í sunnanverðu Þingvallavatni.



Á myndefni úr öryggismyndavél við Þingvallavatn sást flugvél TF-ABB fljúga frá sunnanverðri Ölfusvatnsvík í Þingvallavatni til norðurs. Á myndefninu sást flugvélin lækka flugið í átt að vatninu, beygja til vinstri (til vesturs) og lækka í kjölfarið flugið enn frekar að vatninu. Flugvélin virtist fljúga í mjög lítilli hæð yfir vatninu, áður en hún hafnaði í því.

RNSA hefur gefið út bráðabirgðaskýrslu um flugslysið sem finna má undir hlekknum:

<https://www.rnsa.is/media/4998/bradabirgdaskyrsla-tf-abb.pdf>